

Ed.

536. Frumvarp til laga

um uppbætur úr rikissjóði til handa sparifjäreigendum.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir þeim sparifjäreigendum, er um ræðir í 3. gr. og um það sækja til ríkisskattaneftndar, að fengnum meðmælum hennar, verðlagsuppbót á vaxtatekjur þeirra samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Á sama hátt skal greiða verðlagsuppbót á styrk til framfærslu úr opinberum styrktarsjóðum árin 1941, 1942 og 1943.

2. gr.

Til sparifjár teljast innieignir í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, vaxtabréf, skuldabréf og hvers konar peningakröfur aðrar en vaxtalaus lán.

3. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist sparifjäreigendum og þeim, er njóta styrks úr opinberum styrktarsjóðum, því aðeins, að hlutaðeigendur séu 50 ára eða eldri konur, eða 60 ára eða eldri karlar, sé öryrki eða um sé að ræða konu, sem hefur fyrir barni að sjá. Verðlagsuppbót á styrk úr opinberum styrktarsjóðum miðast þó við þá upphæð, sem úthlutað hefur verið árin 1941, 1942 og 1943.

4. gr.

Verðlagsuppbótin skal miðuð við 4% vaxtatekjur af sparifjäreign samkvæmt framtali til tekju- og eignarskatts fyrir árið 1940, að frádregnum vöxtum af skuldum.

5. gr.

Þeir sparifjäreigendur, sem árin 1941, 1942 og 1943 höfðu lægri tekjur af öðru en sparifé en 1000 kr., að viðbætti aukningu samkvæmt meðalvísitölu hvers áranna, skulu fá greidda fulla verðlagsuppbót samkvæmt 6. gr. Hafi tekjurnar numið 1000—2000 kr. að viðbætti aukningu samkvæmt meðalvísitölu áranna, dragast 50% af þeim hluta teknanna, sem er umfram 1000 kr., frá uppbótinni. Hafi tekjurnar numið meiru en 2000 kr. að viðbætti aukningu samkvæmt meðalvísitölu áranna, kemur sá hluti teknanna, sem þar er umfram, að fullu til frádráttar uppbótinni.

6. gr.

Af 100—799 kr. reiknuðum vaxtatekjum árið 1940 greiðist full verðlagsuppbót samkvæmt meðalvísitölu hvers áranna 1941, 1942 og 1943. Af 800—1599 kr. vaxtatekjum greiðist full verðlagsuppbót af 800 kr. og 75% verðlagsuppbótar af afgangi. Af 1600—3000 kr. vaxtatekjum greiðist 87.5% verðlagsuppbótar af 1600 kr. og 50% af afgangi. Þeir, sem höfðu vaxtatekjur lægri en 100 kr., og þeir, sem höfðu 3000 kr. eða þar yfir, fá enga uppbót greidda.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessara tillagna er sá að bæta sparifjäreigendum upp að nokkru fjárhagstjón það, er þeir hafa orðið fyrir af völdum verðbólgu þeirrar, sem átt hefur sér stað hér á landi, síðan yfirstandandi styrjöld byrjaði.

Á þessum tíma hafa þjóðartekjur Íslendinga, svo sem kunnugt er, stórukizt, bæði reiknað í peningum og raunverulega, þannig að möguleikar hafa skapast

fyrir bættum kjörum til handa öllum stéttum þjóðfélagsins. Flestar stéttir hafa fengið nokkra hlutdeild í hinum auknu þjóðartekjum, en ein stétt manna hefur þó orðið þar með öllu út undan, en það eru sparifjáreigendur. Þeir hafa engar uppbætur fengið á tekjur sínar til samræmis við vaxandi dýrtið, og hafa þær því raunverulega lækkað í hlutfalli við þá miklu verðhækkun, sem hefur átt sér stað. Tekjur margra sparifjáreigenda, og þá einkum hinna fátækari, hafa meira að segja lækkað að krónutali, þar eð banka- og sparisjóðsvextir af innlánsfé hafa lækkað til muna síðan í stríðsbyrjun. Á þennan hátt hefur það viðgengizt, að mjög hefur verið þröngvað kosti margra, sem með elju og sparneytni hafa lagt fyrir fé í trausti þess, að það nægði til þess að fleyta fram lifinu á gamals aldri eða þegar starfsorkuna þryti. Þjóðfélagið má ekki horfa aðgerðarlaust á það, að réttmætar vonir þessa fólks verði að engu gerðar af orsökum, sem því eru óviðkomandi, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, hve afkoma þjóðarbúskaparins hefur verið góð þessi ár, sem liðin eru, síðan stríðið byrjaði.

Í tillögum þessum er þó aðeins farið fram á, að þeir einir verði uppbótar aðnjótandi, sem telja má, að hafi verulega þörf á því sér til lífsframtæris. Er því svo ákveðið í 3. gr. tillagnanna, að aðeins 50 ára eða eldri konur og 60 ára eða eldri karlar, svo og öryrkjar og konur, sem eiga fyrir barni eða börnum að sjá, geti fengið uppbætur. Enn fremur er í 5. gr. tillagnanna því þröngur stakkur skorinn, hve miklar tekjur þeir sparifjáreigendur, er til greina koma í þessu efni, megi hafa annars staðar frá. Loks skulu uppbæturnar fara lækkandi eftir því, sem sparifjáreignin verður meiri, sbr. 6. gr. tillagnanna. Hæsta uppbót, sem sparifjáreigandi getur fengið fyrir árið 1941, er 960 kr., en 1696 kr. fyrir árið 1942. — Með því að byggja uppbæturnar á skattaframtölum manna ætti að vera loku fyrir það skotið, að misnotkun geti átt sér stað. Auk hinna eiginlegu sparifjáreigenda er einnig gert ráð fyrir, að styrkþegar úr opinberum sjóðum verði sömu uppbóta aðnjótandi og með sömu skilyrðum, enda er staða þessa fólks svipuð og hinna eiginlegu sparifjáreigenda.

Að svo komnu er ekki unnt að segja neitt fyrir um það, hversu fjárfrekar uppbætur þessar mundu verða. Vitneskja um það fæst aðeins með því að rannsaka skattaframtölin fyrir árin 1940—42, en á því hafa höfundar tillagnanna ekki átt kost. Þó mun óhætt að fullyrða, að með öllum þeim takmörkunum, sem tillögurnar gera ráð fyrir, geti samþykkt þeirra ekki haft í för með sér tilfínanlega útgjaldaaukningu fyrir rikissjóð. Hitt er hins vegar vist, að viðtakendurnar mundi muna mikið um að fá þær uppbætur, sem tillögurnar gera ráð fyrir.

Þótt tillögurnar nái skammt, mundi hins vegar samþykkt þeirra gera mikið til þess að lagfæra stórfellt félagslegt misrétti, sem ein stétt þjóðfélagsins, sparifjáreigendur, hafa orðið að þola síðustu árin.